

Fyrirvari um framsetningu og inntak

Hér eru sett fram fyrstu drög að hvítbók um byggðamál sem er á vinnslustigi. Markmiðið með að setja þau fram á þessu stigi er að kalla eftir sjónarmiðum og ábendingum áður en þau verða mótuð frekar og útfærð endanlega.

Í apríl munu fulltrúar innviðaráðuneytis og Byggðastofnunar funda með öllum landshlutasamtökum sveitarfélaga um drögin. Í framhaldinu verður unnið úr samráðinu og samráði haldið áfram við ráðuneyti og stofnanir þeirra. Á grundvelli þess verða drög að stefnumótandi byggðaáætlun sett fram í samráðsgátt stjórnvalda sem hvítbók fyrir lok maí. Innviðaráðherra áætla að leggja fram þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun til fimmtán ára ásamt aðgerðaáætlun til fimm ára haustið 2026.

Áréttað er að um vinnuskjal er að ræða þó svo að megin stefnan, eins og hún birtist í fyrsta kafla, sé orðin nokkuð mótuð. Á þessu stigi er þó sérstaklega leitað eftir viðbrögðum við fyrirliggjandi drögum að aðgerðum, sem eftir atvikum geta tekið breytingum eða fallið út, jafnframt því sem nýjar aðgerðir kunna að bætast við. Útfærsla einstakra aðgerða er mislangt komin og eru ekki settir fjármunir á þær á þessu stigi.

Umsögnum og /eða athugasemdum skal skila eigi síðar en mánudaginn 27. apríl nk. í gegnum [þennan tengil](#).

Efnisyfirlit

Inngangur

1. Stefna til fimmtán ára

- 1.1. Framtíðarsýn
- 1.2. Lykilviðfangsefni
- 1.3. Meginmarkmið
- 1.4. Áherslur
- 1.5. Mælikvarðar

2. Aðgerðaáætlun til fimm ára

- 2.1. Jafna aðgengi að þjónustu
- 2.2. Jafna tækifæri til atvinnu
- 2.3. Stuðla að sjálfbærni byggða um land allt

3. Samfélagsleg áhrif

Kaflinn er í vinnslu og verður birtur með framlagningu hvítbókar í lok maí.

1. Stefna til fimmtán ára

Hér er sett fram stefna til fimmtán ára. Stefnan byggir á stöðumati og helstu áskorunum í byggðapróun og leggur grunn að aðgerðum stjórnvalda.

1.1 Framtíðarsýn

Framtíðarsýnin er að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tenging byggða og Íslands við umheiminn verði í jafnvægi við umhverfið. Meginmarkmiðið er að innviðir mæti þörfum samfélagsins og byggðir og sveitarfélög um land allt verði sjálfbær.

Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum lífskjörum landsmanna og búsetufrelsi með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og fjölbreyttum atvinnutækifærum. Grunnþjónusta verði veitt íbúum sem mest í nærsamfélaginu.

1.2 Lykilviðfangsefni

Lykilviðfangsefni eru sett fram með hliðsjón af helstu áskorunum á sviði byggðapróunar. Áskoranirnar felast í ólíkri íbúapróun milli svæða, allt frá fækkun íbúa á einstökum svæðum yfir í mikla fjölgun sem reynir á innviði og þjónustu, einhæfu atvinnulífi, hraðri tækniþróun, flóknu samspili þéttbýlis og dreifbýlis, uppbyggingu innviða, fjölda fámennra sveitarfélaga og vaxandi kröfum um þjónustu og sjálfbærni, samkeppnishæfni og viðbrögðum við loftslagsbreytingum og náttúruvá. Þessar áskoranir mótast bæði af innri þáttum, þar á meðal lýðfræðilegri þróun sem kallar á sterka félagslega innviði og ytri þáttum, svo sem breyttri heimsmynd og auknum öryggisáskorunum. Jafnframt getur skortur á samhæfingu opinberra stefna hamlað árangri og byggðasjónarmið eru enn ekki fyllilega samþætt í aðgerðir stjórnvalda. Þá standa margar byggðir frammi fyrir takmörkuðu aðgengi að menntun og þjálfun, skorti á fagmenntuðu starfsfólki og áskorunum við mönnun þjónustustarfa, auk þess sem mikilvægt er að ná betur til ungs fólks og innflytjenda.

Til að takast á við þessar áskoranir verður unnið að eftirfarandi fimm lykilviðfangsefnum.

1. Fjölbreytt atvinnulíf

Lykilviðfangsefni er að efla fjölbreytt, sjálfbært og samkeppnishæft atvinnulíf um land allt með því að nýta tækni og stafrænar umbreytingar. Nýsköpun og hagnýting nýrrar tækni þarf að styðja við framleiðni, samkeppnishæfni og verðmætasköpun. Leggja þarf sérstaka áherslu á svæði sem glímt hafa við einhæfni í atvinnulífi. Skapa þarf skilyrði fyrir fjölbreytt störf, meðal annars með stuðningi við frumkvöðlastarf, óstaðbundin störf og menntun og styðja þannig við byggðafestu, búsetufrelsi og jöfnun búsetuskilyrða.

II. Lýðfræðileg þróun og grunnþjónusta

Lykilviðfangsefni er að takast á við lýðfræðilegar áskoranir og ójafnræði þegar kemur að grunnþjónustu. Landsmönnum hefur fjölgað mikið undanfarin ár en fjölgunin er að mestu bundin við höfuðborgarsvæðið og hið virka svæði þess. Þetta ójafnvægi í búsetumynstri kallar á endurskoðun á skipulagi og aðgengi að grunnþjónustu um land allt. Samhliða hefur orðið veruleg breyting á íbúasamsetningu með fjölgun fólks af erlendum uppruna, sem hafa þarf í huga við að skipuleggja og veita þjónustu. Þróunin hefur áhrif á eftirspurn eftir þjónustu og gerir auknar kröfur um aðgengi að menntuðu fagfólki og nýtingu mannauðs til að tryggja jafnræði.

III. Innviðir

Lykilviðfangsefni er að tryggja trausta og sjálfbæra innviði um land allt, bæði efnislega og félagslega, sem taka mið af ólíkum þörfum íbúa og stuðla að jafnræði. Góðar samgöngur, örugg fjarskipti, gott aðgengi að endurnýjanlegri orku og fæðuöryggi eru grundvallarforsendur byggðapróunar og styrkja atvinnu- og þjónustusóknarsvæði. Slíkir innviðir geta jafnað aðgengi að atvinnu, þjónustu og afþreyingu, óháð búsetu. Einnig eru þeir mikilvægir við að byggja upp áfallapol gagnvart loftslagsbreytingum, náttúruvá og öryggisógn. Samhliða þarf að huga að félagslegum innviðum, menningu og menntun. Nægt framboð af viðeigandi íbúðarhúsnæði og heildstæð nálgun á skipulag byggðar og þjónustu eru lykilþættir í búsetuvali fólks.

IV. Alþjóðleg samkeppnisstaða og sjálfbærar byggðir

Lykilviðfangsefni er að styrkja alþjóðlega samkeppnisstöðu Íslands með því að efla sjálfbærar byggðir um land allt og bregðast við harðnandi samkeppni um fólk og fyrirtæki. Gott samspil þéttbýlis og dreifbýlis styrkir byggðalög, sérstöðu þeirra og sjálfbærni, sem og alþjóðlega samkeppnisstöðu landsins. Öflug sveitarfélög og sterk svæði eru mikilvæg til að takast á við staðbundnar aðstæður og tækifæri. Blómlegt mannlíf, menning og atvinnulíf eru aðdráttarafl og skapa samkeppnishæf skilyrði í alþjóðlegu umhverfi.

V. Umhverfis- og loftslagsmál

Lykilviðfangsefni er að samþætta umhverfis- og loftslagsmarkmið við sjálfbæra byggðapróun. Aukin verðmætasköpun með hringrásarhagkerfi, betri nýtingu hráefna og minnkun úrgangs stuðlar að ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda og styrkir atvinnulíf um land allt. Verndun náttúruverðmæta og vistkerfa er jafnframt forsenda lífsgæða. Markmið um kolefnishlutleysi og aðlögun að loftslagsbreytingum kalla á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, aukna bindingu kolefnis og aukið áfallapol samfélaga gagnvart áhrifum loftslagsbreytinga. Efla þarf græna orkuframleiðslu og hraða orkuskiptum til að ná því markmiði að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti og að byggðir um land allt njóti ávinnings af grænni umbreytingu.

1.3 Meginmarkmið

Meginmarkmið byggðaáætlunar eru að:

A. Jafna aðgengi að þjónustu.

Að jafna aðgengi að þjónustu felur m.a. í sér að hún verði veitt í nærsamfélaginu eftir því sem unnt er eða stafrænt og að aðgengi að miðlægri þjónustu verði jafnað, hvort sem er með nýtingu tæknilausna eða lágmarkun á kostnaði vegna þjónustusóknar.

B. Jafna tækifæri til atvinnu.

Að jafna tækifæri til atvinnu felur m.a. í sér að bæta innviði, svo sem fjarskipti, samgöngur og afhendingargetu og öryggi í raforkumálum. Enn fremur að stoðkerfi stuðli að nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi og að tækifæri til starfa hjá hinu opinbera og einkaaðilum verði jöfnuð óháð búsetu.

C. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt.

Að stuðla að sjálfbærni byggða um land allt felur m.a. í sér styrkingu efnahags-, félags- og umhverfislegra þátta, eflingu sveitarfélaga, bætt aðgengi að grunnþjónustu, fjölbreytt atvinnulíf, blómlega starfsemi í menningarmálum og afþreyingu sem tekur mið af ólíkri stöðu og þörfum íbúa.

1.4 Áherslur

Hér eru lagðar til áherslur við hvert hinna þriggja meginmarkmiða. Áherslurnar leiða ýmist til beinna og skilgreindra aðgerða eða eru settar fram til samhæfingar og stuðnings við aðrar opinberar stefnur til að framangreindum markmiðum verði náð.

A. Jafna aðgengi að þjónustu:

1. Grunnþjónusta veitt sem mest í nærumhverfi.
2. Tryggt aðgengi að miðlægri opinberri þjónustu og jöfnun kostnaðar óháð búsetu.
3. Traustir fjarskiptainnviðir um allt land.
4. Nýting tækni til að efla þjónustu og aðgengi.
5. Tækifæri til náms og menntunar um land allt.
6. Samgönguinnviðir sem styðja daglegt líf og þjónustusókn.
7. Framboð af menningu, listum og íþróttum óháð búsetu og efnahag.
8. Aukin þátttaka innflytjenda í samfélaginu.
9. Öryggi og viðbragðsgeta um allt land.
10. Opinber stefnumörkun hafi byggðasjónarmið að leiðarljósi.

B. Jafna tækifæri til atvinnu:

1. Fjölbreytt, sjálfbær atvinnuuppbygging um allt land.
2. Nýsköpun, frumkvöðlastarf og græn atvinnustarfsemi.
3. Afhendingaröryggi raforku og orkuskipti.
4. Óstaðbundin störf og staðsetning opinberra starfa.
5. Þekkingarsetur og vinnustaðaklasar.
6. Skapandi greinar og menning.
7. Hringrásarhagkerfi, auðlindanýting og loftslagslausnir.
8. Nýliðun og búháttabreyting í landbúnaði.
9. Byggðatengdar aflaheimildir smærri sjávarbyggða.
10. Greina styrkleika einstakra svæða með tilliti til atvinnuuppbyggingar.

C. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land

1. Mannauður, menning, félagslegur jöfnuður og lýðfræðileg sjálfbærni.
2. Samspil dreifbýlis og þéttbýlis í byggðapróun.
3. Öflug sveitarfélög og sterk sóknaráætlanasvæði.
4. Fjölbreytt framboð húsnæðis um land allt.
5. Sveigjanlegt og skilvirkt regluverk.
6. Þekking, rannsóknir og alþjóðlegt samstarf á sviði byggðamála.
7. Loftslagsaðlögun, náttúruvernd og líffræðileg fjölbreytni.
8. Samfélagsinnviðir, seigla og viðbragðsgeta.
9. Fæðuöryggi og sjálfbær land- og auðlindanýting.
10. Lýðræðisleg þátttaka, ekki síst ungs fólks.

1.5 Mælikvarðar

Þessi kafli er í vinnslu. Hér verða settir fram almennir mælikvarðar sem snerta t.d. íbúapróun og lýðfræði (uppruni, aldur, kyn...), fjarlægð frá tiltekinni þjónustu, menntunarstig, meðallaun og fjölbreytni atvinnulífs. Við hverja aðgerð verður síðan leitast til að setja fram afmarka árangursmælikvarða eftir því sem því verður við komið.

2. Aðgerðaáætlun til fimm ára

FYRIRVARI - FYRIRVARI - FYRIRVARI - FYRIRVARI - FYRIRVARI - FYRIRVARI

Hér eru sett fram **fyrstu drög** að aðgerðaáætlun á vinnslustigi. Markmiðið með að setja þau fram á þessu stigi er að kalla eftir sjónarmiðum og ábendingum áður en þau verða mótuð frekar og útfærð endanlega.

Í apríl munu fulltrúar innviðaráðuneytis og Byggðastofnunar funda með öllum landshlutasamtökum sveitarfélaga um drögin. Í framhaldinu verður unnið úr samráðinu og samráði haldið áfram við ráðuneyti og stofnanir þeirra. Á grundvelli þess verða drög að stefnumótandi byggðaáætlun, sem aðgerðatillögurnar eru hluti af, sett fram í samráðsgátt stjórnvalda sem hvítbók fyrir lok maí. Innviðaráðherra áætla að leggja fram þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun til fimmtán ára ásamt aðgerðaáætlun til fimm ára haustið 2026.

Áréttað er að um **vinnuskjal** er að ræða og munu einstakar aðgerðir taka breytingum og jafnvel falla út, jafnframt því sem nýjar aðgerðir kunna að bætast við. Útfærsla einstakra aðgerða er mislangt komin og eru ekki settir fjármunir á aðgerðir á þessu stigi.

Við hverja aðgerð er sett fram hvaða ráðuneyti færi með ábyrgð á henni. Hér er listi yfir skammstafanir.

- ATRN - atvinnuvegaráðuneyti
- DMR - dómsmálaráðuneyti
- FJR – fjármála- og efnahagsráðuneyti
- FOR - forsætisráðuneyti
- FRN – félags- og húsnæðismálaráðuneyti
- HRN - heilbrigðisráðuneyti
- IRN - innviðaráðuneyti
- MNH – menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti
- MRN – mennta- og barnamálaráðuneyti
- URN – umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
- UTN - utanríkisráðuneyti

A. Jafna aðgengi að þjónustu

1. Verslun í dreifbýli

Aðgerð sem er í gildandi byggðaáætlun (A.9) og hefur það að markmiði að styðja við rekstur dagvöruverslunar í minni byggðalögum til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu. Lagt er til að þeirri aðgerð verði haldið áfram. [Hér má nálgast upplýsingar um aðgerðina á gildandi byggðaáætlun.](#)

Ábyrgðarráðuneyti: IRN.

2. *Stuðningur við innflytjendur í dreifbýli*

Aðgerð sem hefði það að markmiði að vinna gegn þeim hindrunum sem innflytjendur í dreifbýli verða fyrir vegna búsetu og takmarka tækifæri þeirra til að sækja sér nám í íslensku, samfélagsfræðslu og að sækja almenna ráðgjöf upplýsingaþjónustu fyrir innflytjendur hér á landi. Unnið verði að skapandi lausnum í samstarfi ríkis og sveitarfélaga sem byggi á styrkleikum samfélags í dreifbýli og nýti tæknilausnir til að auka aðgengi að námi og þjónustu. Aðgerðin fæli í sér að a) í íslenskunámi innflytjenda í dreifbýli verði lögð áhersla á möguleika til fjarnáms og stuðning samfélagsins í notkun tungumálsins í daglegu lífi, b) samfélagsfræðsla verði aðgengileg rafrænt og fræðsla um búsetu í dreifbýli og stuðning við íbúa landsbyggðarinnar við að sækja þjónustu fjarri heimili verði kynnt og c) unnið verði í samstarfi við sveitarfélög og staðbundin félagasamtök til að skapa tækifæri fyrir innflytjendur í dreifbýli til notkunar íslensku í daglegu lífi og samskiptum við aðra íbúa í dreifbýlinu.

Ábyrgðarráðuneyti: FRN í samstarfi við MRN o.fl.

3. *Orkutengd aðgerð*

Í samstarfi við URN o.fl. verði skoðað hvernig byggðaáætlun verði sem best samhæfð áætlunum URN í orkumálum. Það sem gæti komið til greina snýr t.d. að rafvæðingu smábáta, samstarfi Vegagerðar, sveitarfélaga og Landsnets þegar kemur að uppsetningu hleðsluinnviða fyrir þungaflutninga og þétting hraðhleðslunets (sem hefði það að markmiði að tryggja a.m.k. eina hraðhleðslustöð í hverju þéttbýli og að ekki verði meira en 100 km á milli þeirra).

Ábyrgðarráðuneyti: URN.

4. *Aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðissviði*

a) Lagt er til að skoðað verði með heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingum að setja inn aðgerð sem lítur að því að sérfræðingar á heilbrigðissviði (t.d. augnlæknar og sjúkráþjálfarar) bjóði upp á viðveru á tilteknum stöðum á landsbyggðinni á tilteknum tímum.

b) Áfram verði unnið með heilbrigðisráðuneyti og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti að því að nýta ákvæði í lögum um Menntasjóð námsmanna sem kveða á um sérstaka ívilnum vegna námsgreina sem og sérstaka ívilnum vegna námsgreina á sérstökum svæðum (aðgerðin væri e.k. framhald af [aðgerð A.6 í gildandi byggðaáætlun](#)).

Ábyrgðarráðuneyti: HRN (í samstarfi við MNH)

5. *Fjarheilbrigðisþjónusta*

Aðgerð sem er í gildandi byggðaáætlun (A.5) og hefur það að markmiði að aðgengi að heilbrigðisþjónustu verði aukið og bætt með nýsköpun og nýtingu tækni og fjarskipta við framkvæmd þjónustu. Lagt er til að þeirri aðgerð verði

haldið áfram. Skoðað verði hvort ástæða sé til að breyta útfærslu. Undanfarin ár hefur HRN kallað eftir verkefnatillögum frá stofnunum ráðuneytisins sem falla að markmiði aðgerðarinnar. [Hér má nálgast upplýsingar um aðgerðina á gildandi byggðaaáætlun.](#)

Ábyrgðarráðuneyti: HRN.

6. *Almenningssamgöngur milli byggða*

Lagt er til að styrkhæfar leiðir verði endurskilgreindar þannig að tryggt verði að opinber stuðningur styðji við tilgang almenningssamgangna, sem er að efla og stækka atvinnu- og þjónustusóknarsvæði. Í því sambandi verði sérstaklega horft til fjölkjarna og landstórra sveitarfélaga og að framkvæmdin styðji þannig við sameiningu sveitarfélaga/sameinuð sveitarfélög. Samhliða verði horft til samnýtingar almenningssamgangna og póst- og pakkaflutninga á fáförnustu leiðunum til að styrkja rekstrarforsendur starfseminnar. Skilgreindar verði þjónustuleiðir í samstarfi við heimamenn á hverju svæði og tilboða leitað í framkvæmdina. Horft verði til þess tilraunverkefnis sem stendur yfir á leiðinni Borgarfjörður eystri – Egilsstaðir og styrkt er á grundvelli aðgerðar A.10 í gildandi byggðaaáætlun.

Ábyrgðarráðuneyti: IRN.

7. *Almenningssamgöngur til og frá borgarsvæðum*

Markmið með aðgerðinni væri að auka aðgengi að borgarsvæðunum með áherslu á samþættingu mismunandi samgöngumáta. Greina og kortleggja heildstætt kerfi almenningssamgangna inn á borgarsvæðin þar sem höfuðborgarsvæðið annars vegar og Akureyri hins vegar eru samgöngumiðjan. Greina þarfir notenda og leggja til úrbætur út frá þeim niðurstöðum. Tengist beint tillögu til samgönguáætlunar, einkum áherslu á að efla almenningssamgöngur þar sem grundvöllur er til þess með sérstaka áherslu á vinnusóknarsvæðin.

Ábyrgðarráðuneyti: IRN.

8. *Ípróttá- og tómsfundaiðkun barna í dreifbýli*

Aðgerð sem hefur það að markmiði að draga úr áhrifum ferðakostnaðar af þátttöku barna í dreifðum byggðum í ípróttá- og tómsfundastarfi. Stuðlað verði að því að sameinast um framboð þvert á svæði og/eða sveitarfélög. Vinna svæðisfulltrúa ípróttáhéraðanna átta hefur sýnt að þörf er á að styðja sérstaklega við börn sem búa í smærri samfélögum og dreifbýli þegar kemur að ferðakostnaði við ípróttá- og tómsfundastarf. Ferðasjóður ípróttáfélaga styrkir félög vegna ferða á skilgreind mót þar sem lágmarks ferðavegalengd er 150 km hvora leið. Sérstökum hvatasjóði var komið á laggirnar samhliða svæðisstöðvum ípróttáhéraða, en sjóðurinn hefur ekki haft bolmagn til að styðja við ferðakostnað innan svæða, sem þó er ljóst að getur verið veruleg hindrun til þátttöku.

Aðgerðinni væri ætlað að styðja við ferðir á íþróttæfingar og annað skipulagt tólmundastarf barna í dreifðari byggðum. Reynsla af [aðgerð A.10 Almenningsamgöngur milli byggða](#) í gildandi byggðaáætlun verður nýtt við framkvæmd aðgerðarinnar. Aðgerðin styður m.a. við farsældarstefnu stjórnvalda. Ábyrgðarráðuneyti: MRN.

9. *Umferðarminni tengivegir*

Hönnunarforsendur við uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á umferðaminni vegum verða rýndar og endurskoðaðar. Vegagerðinni verði falið að rýna þá hönnunarstaðla sem notast er við í uppbyggingu samgönguinnviða með tilliti til kostnaðar/ábata og þannig skoða hvort flýta megi slitlagslagn á fáfarnari leiðum með ódýrari og einfaldari hætti. Styður við samgönguáætlun. Ábyrgðarráðuneyti: IRN.

10. *Aðgengi barna og ungmenna að listnámi*

Skoða með MNH og MRN að setja fram aðgerð sem hefur það að markmiði að tryggja aðgengi barna og ungmenna á landsbyggðinni að listnámi og skapandi greinum. Skoða hvort og þá hvernig símenntunarmiðstöðvar á hverju svæði, mögulega í samstarfi við grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla, geti komið að þessari aðgerð og boðið upp á námskeið í skapandi greinum fyrir börn og ungmenni.

Ábyrgðarráðuneyti: MRN í samstarfi við MNH.

11. *Örnám á háskólastigi*

Markmið með aðgerðinni væri að efla framboð á háskólanámi á landsbyggðinni í formi örnáms og stuðla þannig að jafnara aðgengi að menntun óháð búsetu. Örnám á háskólastigi er stutt, hagnýtt, sveigjanlegt og gæðavottað nám sem getur gengt lykilhlutverki í að jafna aðgengi að menntun um allt land. Slíkt nám hentar vel til að mæta hæfnipörfum atvinnulífsins og samfélaga á landsbyggðinni, styðja við sí- og endurmenntun og gera fólki kleift að stunda nám samhliða starfi og búsetu utan stærstu þéttbýlissvæða. Aðgerðin yrði unnin í nánú samstarfi háskóla, þekkingarsetra og atvinnulífs. Sérstök áhersla lögð á að þróa námsleiðir sem taka mið að þörfum einstakra landshluta og lykilatvinnugreina þeirra þar sem þörf er á sérhæfðri þekkingu.

Ábyrgðarráðuneyti: MNH.

12. *Farnetssamband á tengivegum*

Farnetssamband á þjóðvegum er eitt lykilviðfangsefna samgönguáætlunar. Eitt af markmið áætlunarinnar er að áreiðanleg farnetsþjónusta sé á helstu tengivegum á láglandi og ein aðgerð því tengt er kortlagning á stöðunni og gerð framkvæmdaáætlunar í samvinnu við Öryggisfjarskipti ehf. með hliðsjón af

umferð, slysatíðni og ástandi vega. Skoðað verður hvort og hvernig byggðaáætlun geti stutt við þessa vegferð og jafnframt verði horft til þátta á borð við skólaakstur sem og vinnu- og þjónustusókn við forgangröðun uppbyggingar.

Ábyrgðarráðuneyti: IRN.

B. Jafna tækifæri til atvinnu

1. Stoðkerfi nýsköpunar í héraði

Aðgerð sem hefði það að markmiði að styrkja vistkerfi nýsköpunar í byggðum landsins með auknu samstarfi stoðstofnana á viði nýsköpunar, atvinnuþróunar, háskólaþjónustu og símenntunar. Stutt lýsing: Mótun og efling svæðisbundinna þekkingarsamfélaga á landsbyggðinni er brýn og gæti reynst mikilvæg forsenda aukinnar þátttöku og sýnileika landsbyggðarinnar innan stoðkerfis nýsköpunar á landsvísu, sem og aukinnar hlutdeildar í styrkveitingum úr opinberum samkeppnissjóðum. Aðgerðin felst í mótun hvata til aukins samstarfs stoðstofnana sem þegar hafa samnings- eða lögbundnu hlutverki að gegna á sviði nýsköpunar, atvinnuþróunar, háskólaþjónustu og símenntunar innan hvers landshluta. Skoðað verði að veita tímabundin stuðning til skýrt skilgreindra samstarfsverkefna tveggja eða fleiri stoðstofnana innan hvers landshluta. Verkefni miði að því að efla nýsköpunarumhverfi í héraði, bæta þjónustu við einstaklinga, hópa og fyrirtæki á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar og auka samlegð stofnananna innan hvers héraðs. Styrkhæf verkefni geta snúið að mótun klasa í héraði, þróun og skilgreiningu samstarfs milli stoðstofnana og samlegð á aðbúnaði, þekkingu eða þjónustu umræddra stoðstofnana. Einnig viðburðahalds í héraði á sviði nýsköpunar í samstarfi stoðstofnana, svo sem fræðsluverkefna eða hraðla. Gert er ráð fyrir að MNH myndi fela Byggðastofnun framkvæmd með aðgerðinni.

Ábyrgðarráðuneyti: MNH.

2. Jafnari dreifing opinberra starfa

Aðgerð sem hefur það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum á landsbyggðinni. Stuðlað verði að fjölbreyttu atvinnulífi sem víðast um landið, jafnari dreifingu ríkisstarfa, en hlutfallslega eru þau flest á höfuðborgarsvæðinu, og auknu búsetufrelsi. Með þessari aðgerð er lagt til að sameina þrjár aðgerðir á gildandi byggðaáætlun, þ.e. aðgerð [B.7 Óstaðbundin störf](#), [B.6 Staðarval ríkisstarfa](#) og [A.8 Stjórnarsýslustöðvar ríkis í héraði](#). Lögð verður áhersla á að innleiða hugmyndafræði vinnustaðaklasa og óstaðbundinna starfa og metið með hlutlægum hætti þegar ný starfsemi hefst eða breytingar gerðar, hvort staðsetja megi hana á landsbyggðinni. Aðgerðin felur jafnframt í sér að treysta byggðasjónarmið sem sett eru fram með sameiningu sýslumannsembætta í eitt embætti, sbr. lög nr. 9/2026 um sýslumann, með það að markmiði að jafna

aðgengi að þjónustu, auka nýtingu stafrænnar tækni og fjölga störfum, bæði almennum og sérfræðingsstörfum, á landsbyggðinni. Skoðað verði hvernig aðgerðin geti stutt við hlutverk sýslumanns sem byggir m.a. á byggðasjónarmiðum.

Ábyrgðarráðuneyti: IRN í samstarfi við FOR, FJR, DMR o.fl.

3. *Norðurslóðarannsóknir*

Aðgerð sem snýr að því að hvetja og styðja rannsókn- og háskólastofnanir á sviði norðurslóðarannsókna til virkari nýtingar rannsóknarinnviða á landsbyggðinni.

Annars vegar með virki kynningu innanlands og erlendis á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru og hins vegar með beinum fjárhagsstuðningi. Norðurslóðanetinu yrði falin framkvæmd aðgerðarinnar í samstarfi við Rannís.

Ábyrgðarráðuneyti: UTN/MNH.

4. *Greining byggðatengdra ívilnana*

Aðgerð sem gengur út á að fela Byggðastofnun að greina ívilnunaraðgerðir sem Norðmenn beita í dreifðum byggðum landsins og máta þær við íslenskar aðstæður. Jafnframt væri greint hvaða svæði kæmu til greina og hver kostnaður af slíkum aðgerðum gæti orðið á Íslandi.

Ábyrgðarráðuneyti: IRN í samstarfi við FJR og ATRN.

5. *Uppbygging hringrásariðngarða*

Markmið með aðgerðinni væri að efla verðmætasköpun með uppbyggingu hringrásariðngarða sem nýta staðbundnar auðlindir, draga úr sóun og skapa fjölbreytt og sterkt atvinnulíf um land allt. Aðgerðin felur í sér að kortleggja og vinna að uppbyggingu hringrásariðngarða á völdum svæðum landsins þar sem fyrirtæki og starfsemi tengjast í virðisæðjum sem hámarka nýtingu hráefna, orku og aukaafurða. Forsætisráðuneytið leiði samhæfingu verkefnisins með það að markmiði að a) laða að innlendar og erlendar fjárfestingar í grænum iðnaði og hringrásarlausnum, b) tryggja samþættingu við orkukerfi, samgöngur, fjarskipti og skipulag, c) styðja við þróun klasasamstarfs og nýsköpunar á landsbyggðinni og d) hámarka samfélagslegan ávinning, m.a. með störfum, þekkingaruppbyggingu og fjölbreyttari atvinnugrunni. Sérstök áhersla verði lögð á svæði með einhæfan atvinnugrunn eða ónýtta möguleika í auðlindanýtingu.

Aðgerðin er tengd atvinnustefnu stjórnvalda.

Ábyrgðarráðuneyti: FOR í samstarfi við URN, ATRN, IRN o.fl.

6. *Atvinnuhúsnæði í minni byggðarlögum*

Aðgerð þar sem Byggðastofnun væri falið að kortleggja framboð atvinnuhúsnæðis í minni byggðarlögum/atvinnusóknarsvæðum, greina þörf fyrir

uppbyggingu þess og koma á samstarfi viðkomandi sveitarfélaga, áttthagafjórðing og annarra haghafa um slíka uppbyggingu.
Ábyrgðarráðuneyti: IRN

7. *Nýliðun og kynslóðaskipti í landbúnaði*

Landbúnaður er grunnstoð byggðafestu í dreifbýli og því mikilvægt að tryggja nýliðun og kynslóðaskipti í greininni. Skoðað verður að setja fram aðgerð sem skilgreind verði í samráði við Samtök ungra bænda, ATRN og fyrirtækjasvið Byggðastofnunar sem styður við aðrar aðgerðir sem ætlað er að liðka fyrir nýliðun og kynslóðaskiptum í greininni.

Ábyrgðarráðuneyti: IRN í samstarfi við ATRN.

8. *Smáframleiðendur og staðbundin matvæli*

Skoðað verður að setja fram aðgerð sem styður við smáframleiðendur matvæla í héraði, nýsköpun og vöruþróun. Byggt verði á reynslu af aðgerð [C.12 Uppsetning og rekstur matvælakjarna](#) á gildandi byggðaaætlun þannig að til verði vottuð vinnslurými og stutt við einstaka framleiðendur og framleiðslan gerð að virkari þætti í ferðaþjónustu.

Ábyrgðarráðuneyti:

9. *Orkuöryggi og orkuskipti í landbúnaði*

Aðgerð sem myndi fela í sér að kortleggja og meta helstu tækifæri til orkuskipta í landbúnaði með hliðsjón af ólíkum aðstæðum bænda, svæðisbundnum orkukostnaði, aðgengi að innviðum, staðbundnum hráefnisstraumum og þörf fyrir aukið orkuöryggi og áfallapol. Sérstök áhersla verði lögð á að greina forsendur til uppsetningar staðbundinna smáskalalausna til nýtingu metans úr búfjáraburði til orku- og eldsneytisframleiðslu á einstökum búum eða í samstarfi bænda á sama svæði. Eins þyrfti að meta forsendur fyrir stofnun orkusamfélaga þar sem bændur samnýta staðbundna orkuframleiðslu, svo sem úr lífgasi og sólarorku, til eigin nota. Slíkar nálganir geta stuðlað að aukinni nýtingu lífrænna úrgangsstrauma, dregið úr orkukostnaði og útblæstri frá landbúnaði, og styrkt sjálfstæði bænda gagnvart miðlægu dreifikerfi raforku, einkum á svæðum þar sem afhendingaröryggi er viðkvæmt eða orkukostnaður hár. Valin verða 1–3 tilraunaverkefni sem endurspeгла mismunandi aðstæður í íslenskum landbúnaði og skapa raunveruleg fordæmi um hvernig orkuskipti geta farið fram við ólíkar rekstrar- og svæðisbundnar forsendur. Markmiðið er að afla gagna um kostnað, ávinning, tæknilega virkni, lagaumgjörð og rekstrarforsendur slíkra lausna, þar á meðal smáskalalífsgauslausna og samstarfsverkefna þar sem bændur sameinast um orkuvinnslu og orkunýtingu. Með því skapast traustari grunnur fyrir bændur, stjórnvöld, styrkjakerfi og lánastofnanir til að meta hvernig best verði stutt við frekari uppbyggingu orkuskipta í landbúnaði. ATH – þessi

aðgerðahugmynd hefur EKKI verið rædd við viðkomandi fagráðuneyti, hvorki URN né ATRN.

C. Stuðla að sjálfbærum byggðum um land allt

1. Sértek verkefni sóknaráttlanasvæða

Aðgerð sem er í gildandi byggðaaætlun sem lagt er til að haldi áfram. Hef það að markmiði að heimafólki verði færð aukin ábyrgð á ráðstöfun fjármuna og sóknaráttlanir landshluta verði tengdar við byggðaaætlun. Sérstök áhersla verður áfram lögð á svæði sem búa við fólksfækkun og einhæft atvinnulíf. Aðgerðin styður þannig við brothættar byggir. Lagt er til að áhersla verði lögð á stuðning við atvinnusköpun, svæðisbundna nýsköpun og samfélagsrými. [Hér má nálgast upplýsingar um aðgerðina á gildandi byggðaaætlun.](#) Ábyrgðarráðuneyti: IRN.

2. Brothættar byggðir

Aðgerð sem er í gildandi byggðaaætlun og lagt er til að haldi áfram, en þó með breyttu sniði þannig að hún nái til fleiri byggðalaga. Lagt er til að áfram verði unnið skv. verklagi og hugmyndafræði byggðaþróunarverkefnisins Brothættar byggðir með því að valdefla og virkja frumkvæði íbúa, treysta stoðir dreifðra byggða og styrkja byggðafestu. Aðgerðin byggir á víðtæku samráði og að því að virkja þekkingu og getu íbúa smærri til meðalstórra byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir í því skyni að efla sitt samfélag [Hér má nálgast upplýsingar um aðgerðina á gildandi byggðaaætlun.](#) Fram hefur komið gagnrýni á heiti aðgerðarinnar og því verður skoðað hvort breyta eigi heiti hennar. Ábyrgðarráðuneyti: IRN.

3. Þróunaráttlanir fyrir borgarsvæði

Lagt er til að unnar verði þróunaráttlanir fyrir borgarsvæðin, Akureyri og Reykjavík, þar sem ólíkar sviðsmyndir varðandi þróun þeirra eru rýndar og helstu áskoranir verði skilgreindar, í samhengi loftslagsmála, byggðaþróunar og samgöngumála. Horft verði til þeirra lykilviðfangsefna sem skilgreind eru í borgarstefnu og viðmiða OECD um mótun borgarstefnu: svo sem þróunar húsnæðisuppbyggingar og íbúafjölda, atvinnulífs og þjónustu, þróunar og samþættingar almenningssamgangna, innviða og umhverfis, ásamt samfélagsþáttum, svo sem fyrirkomulagi heilbrigðis- og félagsmála og menntunar og menningar. Aðgerðinni er ætlað að móta grundvöll fyrir auknu samstarfi sveitarfélaga og landshlutasamtaka innan borgarsvæðanna sem jafnframt geti verið grunnur að mótun þróunaráttlana í samræmi við framangreint. Lagðir eru til þrjú verkþættir: a) að móta grundvöll fyrir auknu

samstarfi sveitarfélaganna innan borgarsvæðanna, b) að vinna rannsókn á vinnu- og skólasókn til og frá höfuðborgarsvæðinu annars vegar og Akureyri hins vegar og c) að greina umferð til og frá höfuðborgarsvæðinu annars vegar og Akureyri hins vegar til að nota sem grunn að forsendum bættra almenningssamganga og samspil við ferðamáta innan borgarsvæðanna.

Ábyrgðarráðuneyti: IRN í samstarfi við SSH og SSNE.

4. *Efling fjölmiðlunar í héraði*

Aðgerð sem er inn í gildandi byggðaáætlun og hefur það að markmiði að styðja við lýðræðislega umræðu og fjölbreyttan fréttaflutning. Lagt er til að aðgerðin haldi áfram óbreytt. [Hér má nálgast upplýsingar um aðgerðina á gildandi byggðaáætlun.](#)

Ábyrgðarráðuneyti: MNH.

5. Leigufélag á landsbyggðinni

Í samráði við FRN og HMS er í skoðun að leggja til aðgerð sem styður við áform stjórnvalda að efla óhagnaðardrifið leigufélag á landsbyggðinni.

Ábyrgðarráðuneyti: FRN.

6. *Hringrásarlausnir fyrir sveitarfélög*

Ísland stendur frammi fyrir auknum kröfum um nákvæma gagnaöflun, hærri endurvinnsluhlutföll og betri nýtingu auðlinda samkvæmt EES-regluverki og íslenskri úrgangs- og loftslagsstefnu. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í þessari innleiðingu, en búa mörg hver við takmarkaða stjórnsýslugetu, óskýra yfirsýn yfir eigin úrgangsstrauma og misjafna þjónustu í söfnun, flutningi og móttöku.

Aðgerðin miðar að því að styðja sveitarfélög við þróun staðbundinna hringrásarlausna sem draga úr kostnaði þeirra við meðhöndlun úrgangs, nýta úrgang sem auðlind og byggja upp innviði sem henta dreifðum byggðum. Með markvissri kortlagningu úrgangsstrauma og stigvaxandi þróun hringrásarverkefna geta sveitarfélög tekið upplýstar ákvarðanir, bætt þjónustu, aukið samstarf og skapað ný viðskiptatækifæri.

Ábyrgðarráðuneyti: URN

7. *Aðlögun sveitarfélaga að loftslagsbreytingum*

Þessi aðgerðartillaga byggir á reynslu og afurðum aðgerðar [C.10 Áhrif loftslagsbreytinga og sveitarfélög](#) í gildandi byggðaáætlun. Markmið hennar væri að auka getu og bolmagn íslenskra sveitarfélaga til að móta staðbundnar aðgerðir og áætlanir til aðlögunar að áhrifum loftslagsbreytinga. Þetta verði gert með því að halda vinnustofur fyrir sveitarfélög um allt land, hanna sniðmát og stoðefni, uppfæra leiðbeiningar og gera þær aðgengilegar á Verkfærakistu loftslagsvænni sveitarfélaga. Aðgerðin mun þannig nýta þá aðferðafræði sem

þróuð var í fyrri aðgerð í byggðaáætlunar (C.10) til að styðja íslensk sveitarfélög um allt land við framkvæmd áhættuskimunar, viðkvæmnimats og mótunar aðlögunaraðgerða. Framkvæmdaraðilar yrðu Byggðastofnun, Veðurstofa Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Ábyrgðarráðuneyti: URN.

8. Samstarf almannavarnafulltrúa

Aðgerð sem hefði það að markmiði að auka samstarf almannavarnafulltrúa um allt land. Almannavarnarfulltrúar eru staðsettir í flestum lögregluumdæmum. Mikil sérhæfing hefur orðið meðal þeirra og er ætlunin að halda utan um hópinn og búa til samstarfsvettvang þar sem unnt verður að miðla reynslu og þekkingu á milli umdæma. Almannavarnafulltrúar í héraði eru lykilaðilar í almannavarnakerfinu á landsvísu. Þetta mun hafa í för með sér öflugri vinnu við áætlanagerð í takt við þær hættu sem hvert svæði stendur frammi fyrir. Með því að auka samstarf þeirra á milli munu staðbundnar almannavarnir styrkjast og áfallapol aukast. Ríkislögreglustjóri færir með framkvæmd aðgerðarinnar.

Ábyrgðarráðuneyti: DMR.

9. Líffræðileg fjölbreytni og skipulagsmál sveitarfélaga.

Aðgerð sem hefði það að markmiði að styðja sveitarfélög í að takast á við vernd líffræðilegrar fjölbreytni og styrkja þannig framkvæmd stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni. Jafnframt að skapa skýrari tengingu milli skipulagsmála og náttúruverndar. Lagt er til að hrint verði af stað samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga þar sem þróuð verða verkfæri, verklag og dæmi um góðar lausnir til að styðja sveitarfélög við að samþætta á skilvirkan hátt líffræðilega fjölbreytni í skipulagsmálum. Verkefnið myndi byggja á þremur þáttum: a) Tilraunaverkefni með sveitarfélögum (sem auglýst væri eftir), b) Verkfærakista fyrir sveitarfélög og c) Miðlun og vitundarvakning. Aðgerðin yrði unnin með svipuðu fyrirkomulagi og C.10 Áhrif loftslagsbreyting og sveitarfélög í gildandi byggðaáætlun.

Ábyrgðarráðuneyti: URN.

10. List fyrir alla

List fyrir alla er aðgerð sem byggðaáætlun hefur stutt við frá árinu 2018. Tilgangurinn er að velja og miðla listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafna þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum, óháð búsetu og efnahag. Lagt er til að aðgerðin haldi áfram, en skoðað verði að útvíkka hana þannig að hún nái til allra aldurshópa.

[Hér má nálgast upplýsingar um aðgerðina á gildandi byggðaáætlun.](#)

Ábyrgðarráðuneyti: MNH.

11. Áfallapol samfélaga

Í skoðun er hvort setja eigi fram aðgerð tengda áfallapoli samfélagsins og öryggismálum. Aðgerðin myndi m.a. ganga út á að kortleggja svæði út frá áfallapoli þeirra, styrkingu þeirra og auka getuuppbyggingu.

Ábyrgðarráðuneyti: FOR, DMR.

12. Alþjóðleg samkeppnishæfni

Markmið með aðgerðinni væri að efla alþjóðlega samkeppnishæfni landsins. Borgarsvæðin yrðu þátttakendur í alþjóðlegu samanburðarmati á samkeppnishæfni svæða (samkeppnislistum) þannig þau væru reglulega borin saman við önnur svæði. Greina þarf hvaða samkeppnislistar eru til og á hvaða listum teljum við að verði gagnlegt að komast á til að ná þeim árangri sem stefnt er að. Þetta hjálpar okkur að koma borgarsvæðunum á kortið en einnig draga fram hvað gengur vel og hverju þarf að ná fram til að efla samkeppnishæfni þeirra og þar með landsins alls. Aðgerðin tengist atvinnustefnu og borgarstefnu.

Íslandsstofu yrði falið að framkvæma aðgerðina.

Ábyrgðarráðuneyti: UTN í samstarfi við ATRN o.fl.

13. Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála

Aðgerð sem er í gildandi byggðaáætlun og lagt er til að haldi áfram. Markmiðið er að þekkingargrunnur stefnumótunar og framkvæmdar á sviði byggðamála verði styrktur. Áfram verði aflað nýrrar þekkingar á sviði byggðamála, í samstarfi við opinberar stofnanir, m.a. með rannsóknum, uppbyggingu og viðhaldi tölfræðilegra gagnagrunna sem byggja á svæðisgreindum upplýsingum.

Byggðavísitala sem byggir á upplýsingum um landfræðilega legu, lýðfræðilega þætti, efnahagslegar og félagslegar aðstæður verði þróuð áfram til að leggja mat á stöðu svæða og töku ákvarðana um sértækar byggðaaðgerðir. [Hér má nálgast upplýsingar um aðgerðina á gildandi byggðaáætlun.](#)

Ábyrgðarráðuneyti: IRN.

14. Alþjóðlegt samstarf

Lagt er til að Ísland taki áfram virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi, svo sem undir merkjum Nora, Nordregio, Norðurslóðaáætlunarinnar (NPA), ESPON og OECD, og þekkingar- og hugmyndafræðilegur grundvöllur byggðaaðgerða þannig styrktur. [Hér má nálgast upplýsingar um aðgerðina á gildandi byggðaáætlun.](#)

Ábyrgðarráðuneyti: IRN.

3. Samfélagsleg áhrif

Kafla í vinnslu og verður birtur með framlagningu hvítbókar í lok maí.